


## Náms- og kennsluáætlun - Vorönn 2024

### LISA3ÍS05-1

<b>Kennari</b>	Sólveig Sveinbjörnsdóttir <a href="mailto:solveig.sveinbjornsdottir@fss.is">solveig.sveinbjornsdottir@fss.is</a>	
<b>Viðtalstími</b>	Þriðjudagar 10:30-11:10 í vinnurými kennara.	
<b>Námsefni</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Listasaga – Frá hellalist til 1900</li> <li>Ljósrit, gögn af neti, bókasafn</li> <li>Inna– kennslumhverfi skólans</li> </ul>	
<b>Áfangalýsing</b>	<p>Í áfanganum er farið yfir helstu stílbrigði sjónlista á Íslandi frá landnámi og fram á 20. öld í samhengi við þróun evrópskrar listasögu og tengsl listarinnar við þjóðfélagslegar forsendur á hverjum tíma. Farið er í gegnum helstu stíleinkenni og stefnur í tengslum við tíðaranda hvers tímabils og tæknilegar, félagslegar og landfræðilegar forsendur íslenskrar listsköpunar fyrr og nú rannsakaðar. Áhersla er lögð á að nemandinn nýti sér fjölbreytta miðla við upplýsingaleit og framsetningu verkefna.</p>	
<b>Námsmat og vægi námsmatsþátta</b>	<p>Til að ná áfanganum skal nemandi hafa náð eftirfarandi markmiðum: Ná að lágmarki 6.0 í öllum annarprófum. Nái nemandi ekki þeirri einkunn í prófi má hann taka endurtektarpróf viku síðar. Ná annareinkunn að lágmarki 6.0 og skila verkefnum á réttum tíma.</p> <p>Nái nemandinn ekki að uppfylla öll þessi skilyrði hefur hann tækifæri til að ljúka áfanganum með lokaprófi. Lokaprófið hefur þá vægi upp á 50% á móti annareinkunn. Þurfi nemandi að nýta þetta úrræði þarf hann að ná 4,5 úr lokaprófi til að fá vinnueinkunn metna.</p>	
	<b>Símatsáfangi</b> <input type="checkbox"/>	<b>Lokapróf</b> <input type="checkbox"/>

Lokapróf	
Heiti	Vægi
Annareinkunn	50%
Lokapróf	50%

Annareinkunn	
Heiti	Vægi
Annarpróf	22,5%
Kaflapróf	10%
Ýmis verkefni	7,5%
Skissubók	10%

Virðing, samvinna og árangur

<b>Reglur áfanga</b>	Slökkt skal vera á farsímum í kennslustund. Snjalltæki, svo sem símar, spjaldtölvur og fartölvur eru ekki leyfðar í tímum, nema sem hluti af beinu námi að beiðni kennara. Mæti nemandi ekki í próf á settum prófsdegi fær hann tækifæri til að taka prófið í skilgreindum endurtektarprófatíma
<b>Annað sem kennari vill láta koma fram</b>	Nemendur komi með skissubók og teikniáhöld í tíma auk plastvasamöppu til að halda utan um verkefnin.

Þekking	Leikni
<p>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• helstu stíleinkennum í íslenskri myndlistarsögu</li> <li>• verkum og hugmyndum helstu listamanna í íslenskri myndlistarsögu</li> <li>• gildi þekkingar á íslenskri listasögu í alþjóðlegu samhengi</li> <li>• hvernig samfélagsgerð, landfræðileg staða, veðurfar og tíðarandi hefur áhrif á hugmyndir, viðfangsefni og vinnuaðferðir myndlistarmanna</li> </ul>	<p>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• tjá sig um strauma og stefnur í íslenskri myndlistarsögu og miðla þekkingu sinni á skýran og gagnrýninn hátt</li> <li>• gera þekkingu sinni skil með margvíslegum hætti, skriflega, munnlega og með nýmiðlun</li> <li>• taka þátt í uppbyggilegri og frjórri samræðu um verkefni sín og annarra</li> <li>• ígrunda og rökstyðja mál sitt</li> <li>• beita faglegum hugtökum til að tjá sig um þekkingu sína á stíleinkennum, stílbrögðum og túlkunarleiðum í íslenskri listasögu</li> <li>• beita innsæi, tilfinningu og sjálfstæðum vinnubrögðum við útfærslu verkefna</li> </ul>
Hæfni	
<p>Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• vinna á skapandi hátt í einstaklings- og hópverkefnum áfangans og sýna frumkvæði</li> <li>• taka þátt í samvinnu, upplýsingaöflun og samræðum í kennslustundum með sameiginlegt markmið hópsins að leiðarljósi</li> <li>• sig um þekkingu sína á stíleinkennum, stílbrögðum og túlkunarleiðum í íslenskri listasögu</li> </ul>	

Vinnuáætlun		
Tímasókn	16 vikur x 4 klst.	64 klst.
Undirbúningur f. tíma	16 vikur x 4 tímar x 20 mín	21 klst.
Undirbúningur f. annarpróf	4x3 klst.	12 klst.
Undirbúningur f. lokapróf	12klst.	12 klst.
Alls		<b>109 klst. = 5 fein*</b>

Virðing, samvinna og árangur

Kennsluvikur	Áætluð yfirferð námsefnis	Skil á verkefnum
<b>1. vika</b> 4. - 14. janúar	1. hluti Frá landnámi til 19.aldar	Verkefnavinna
<b>2. vika</b> 15. - 21. janúar	1. hluti Frá landnámi til 19.aldar 2. hluti Sigurður Guðmundsson málari	Verkefnavinna
<b>3. vika</b> 22. - 28. janúar	2. hluti Sigurður Guðmundsson málari	Verkefnavinna Kafalpróf I
<b>4. vika</b> 29. janúar - 4. febrúar	3. hluti Brautryðjendur	Verkefnavinna Kafalpróf II <b>Annarpróf I</b>
<b>5. vika</b> 5. - 11. febrúar	3. hluti Brautryðjendur	Verkefnavinna
<b>6. vika</b> 12. - 18. febrúar	3. hluti Brautryðjendur	Verkefnavinna Kafalpróf III
<b>7. vika</b> 19. - 25. Febrúar <i>Þemadagar</i>	3. hluti Brautryðjendur	Verkefnavinna
<b>8. vika</b> 26. febrúar - 3. Mars <i>Námsmatsdagur</i>	4. hluti Módernistar straumar og stefnur	Verkefnavinna Kafalpróf IV
<b>9. vika</b> 4. - 10. mars <i>Miðannarmat</i>	4. hluti Módernistar straumar og stefnur	Verkefnavinna
<b>10. vika</b> 11. - 17. mars	5. hluti Íslensk list á erlendri grund Feneyjarvtíæringurinn	Kafalpróf V <b>Annarpróf II</b>
<b>11. vika</b> 18. - 24. mars <i>Starfshlaup – Páskafri hefst</i>	6. hluti Póst móðernismi straumar og stefnur	Verkefnavinna
<b>12. vika</b> 2. - 7. apríl	6. hluti Póst móðernismi straumar og stefnur	Verkefnavinna Kafalpróf VI
<b>13. vika</b> 8. - 14. apríl	7. Hluti Umfjöllun um sýningu	Verkefnavinna <b>Annarpróf III</b>
<b>14. vika</b> 15. - 21. apríl	8. hluti Samtíminn	Verkefnavinna
<b>15. vika</b> 22. - 28. apríl <i>Sumardagurinn fyrsti</i>	8. hluti Samtíminn	Verkefnavinna
<b>16. vika</b> 29. apríl - 5. maí	8. hluti Samtíminn	Verkefnavinna
<b>17. vika</b> 6. – 10. maí	Sýningar, kynningar	Frágangur og samantekt

Með fyrirvara um breytingar og von um gott samstarf

Sólveig Sveinbjörnsdóttir

Fjölbrautaskóli Suðurnesja